



Íslenska Suzukisambandið

Kt. 550188-1399

Pósthólf 5453, 125 Reykjavík

Netfang: [suzukisamband@gmail.com](mailto:suzukisamband@gmail.com)

Vefsíða: [www.suzukisamband.is](http://www.suzukisamband.is)

## Suzuki-gítarkennsla – kynning fyrir gítarkennara

laugardaginn 15.janúar 2011 klukkan 10:00 – 15:00

í Allegro Suzukitónlistarskóla, Tranavogi 5, Reykjavík

### ***Skráning fyrir 4. janúar 2011 á netfang: [suzukisamband@gmail.com](mailto:suzukisamband@gmail.com)***

Suzuki-gítarkennsla er mjög vinsæl víða erlendis og er Harald Söderberg, gítarkennari í Noregi á leiðinni til okkar að kynna okkur fyrir Suzuki-gítarkennslu. Við vonumst auðvitað til að íslenskir gítarkennarar hafi áhuga á námi til kennsluréttinda í Suzuki-gítarkennslu og væri það kærkomin viðbót við hljóðfæraflóruna í Suzukinámi íslenskra tónlistarbarna. Ef nægur áhugi er fyrir hendi mun Íslenska Suzukisambandið skipuleggja slíkt nám í samvinnu við Harald. Námið fer fram í helgarnámskeiðum, yfirleitt 5 – 6 helgar sem dreifast á um það bil eitt ár. Lýkur náminu með prófi þar sem kennaraneminn þarf að leika ákveðin verk, kenna nemanda og svara munnlegum spurningum. Áður en nám getur hafist þarf gítarleikarinn að kynna sig með því að leika tvö verk fyrir Harald. Hann biður umeftirfarandi tvö verk:

1. "Minuetto-Allegro" op 22, F. Sor (Suzuki Book no 5, piece nr.4) - fylgir með sem viðhengi.
2. Own choice: I prefer to listen to another musical style.

Fyrir þá sem nú þegar hafa áhuga á námi og vilja leika fyrir Harald, vinsamlega takið það fram við skráningu svo við getum ráðað niður tímum.

Til að halda utanum menntun Suzuki-kennara eru landssambönd í hverju landi sem sjá um allt skipulag og framkvæmd prófa. Einnig sjá samböndin um að halda námskeið fyrir nemendur. Kennaramenntunin byggir á námi í hljóðfæraleik á viðkomandi hljóðfæri, hugmyndafræðinni og kennslu barna undir leiðsögn sérstaks leiðbeinanda sem hefur til þess menntun viðurkennda af ESA (European Suzuki Association).

Skráning á kynninguna og allar nánari upplýsingar fást hjá formanni, Þórdísi Stross á netfangi Suzukisambandsins: [suzukisamband@gmail.com](mailto:suzukisamband@gmail.com) merkt „gítar“. Einnig bendum við á heimasíðu félagsins [www.suzukisamband.is](http://www.suzukisamband.is), þar má finna ýmsar upplýsingar og tengla inn á erlendar síður.



Íslenska Suzukisambandið

Kt. 550188-1399

Pósthólf 5453, 125 Reykjavík

Netfang: [suzukisamband@gmail.com](mailto:suzukisamband@gmail.com)

Vefsíða: [www.suzukisamband.is](http://www.suzukisamband.is)

Suzukinám og kennsla byggir á þeirri grundvallar hugmynd að öll börn hafi hæfileika til að læra tónlist, rétt eins og öll börn læra móðurmál sitt. Upphafsmáður þessarar hugmyndafræði var japanski fiðluleikarinn Dr. Shinichi Suzuki sem fæddist árið 1898 í Japan þar sem hann ólst upp. Hann nam meðal annars í Berlín í Þýskalandi hjá prófessor Klingel. Að námi loknu fluttist hann til Japans ásamt þýskri eiginkonu sinni og hóf að kenna á fiðlu. Dag einn kom vinur hans með 4 ára son sinn og bað Suzuki um að kenna honum á fiðlu. Suzuki fannst hann vera heldur ungur en velti því fyrir sér hvernig hann gæti mögulega kennt svo ungu barni. Þá laust niður þessari hugmynd Suzukis að fyrst öll börn gætu lært móðurmál sitt, hversu flókið sem það væri, ættu allir að geta lært að spila á flókin hljóðfæri á svipaðan hátt.

Þetta var upphafið að þróunarvinnu sem hann vann að næstu árin og hann náði undraverðum árangri í kennslu barna sem vakti athygli um allan heim. Upp úr 1960 barst kennsluaðferðin til Bandaríkjanna og nú er kennt samkvæmt Suzuki-aðferð um allan heim og á mörg hljóðfæri því aðferðin hefur verið yfirfærð á önnur hljóðfæri.

Einkenni Suzuki-kennslu eru m.a. að börnin geta byrjað ung að læra á hljóðfæri, allt niður í 3ja ára aldur. Foreldrar eru virkir þátttakendur í námi barnanna og vinna heima með barni sínu samkvæmt leiðbeiningum kennarans. Herminám í byrjun sem byggir á hlustun á námsefnið en lesturinn bætist við síðar þegar nemandi hefur náð góðum tókum á hljóðfærinu. Kennsla skiptist í einkatíma og hóptíma þar sem félagslegi þátturinn er virkjaður.

Á Íslandi hefur verið kennt eftir Suzuki-aðferðinni síðan 1985, fyrst bara á fiðlu, en síðan hafa bæst við víóla, selló, píanó og nú síðast flauta og orgel. Kennt er víða um land og eru starfandi Suzuki-kennarar rétt um 40.

Með kveðju,  
Stjórn Íslenska Suzukisambandsins  
Þórdís Stross, formaður